



GST – Formaður verkefnanefndar

Kjörtímabil

1 ár. Á sæti í stjórn klúbbsins sem meðstjórnandi.

Staða

Sem GST verkefnafulltrúi klúbbs muntu vinna að draumi Melvin Jones - að sérhverri þörf sé hægt að mæta með Lions eða Leo. Þú berð ábyrgð á að klúbburinn standi fyrir árangursríkum þjónustu eða fjáröflunar verkefnum, reynir að efla þátttöku félaga í verkefnum og sýnileika Lions við framkvæmd þeirra. Þátttaka þín hefur áhrif á líf!

Aðgerðir til árangurs

- Vinna með GAT teymi umdæmis að verkefnamálum, taka þátt í viðburðum á vegum umdæma og svæðis.
- Skipuleggja og leiða verkefnanefnd við að framkvæma aðgerðaráætlun til að ná markmiðum klúbbsins í þjónustu- og fjáröflunarverkefnum.
- Beita sér fyrir samheldni og góðum starfsanda í klúbbum. Að hlusta á og ræða þau mál sem koma upp. Styðja við stjórn klúbbsins.
- Fá nýjum félaga hlutverk sem vekur áhuga hans.
- Auka ánægju klúbbfélaga í verkefnum og virkja alla. Láta félögum finnast þeir vera hluti af Lions fjölskyldunni um leið og þeir þjóna samfélaginu.
- Forgangsræða verkefnum eftir þörfum samfélagsins. Stuðla að aukinni ánægju félaga í þjónustuverkefnum.
- Vinna ötullega að því að auka sýnileika hreyfingarinnar og vekja athygli á verkum klúbbsins.
- Fylgjast með að öll verkefni klúbbsins séu færð í skýrslu í MyLion. Tilkynningin sé á því formi að verkefnið sé mælanlegt. (Hvað mikið, hve mörg, hve lengi) Þannig getur LCI talið það með þegar þeir skoða heildar árangur.
- Auka þátttöku félaga í þjónustu verkefnum með notkun LCI App.
- Vinna með LCIF félaga klúbbsins að því að auka stuðning klúbbsins við Alþjóða hjálparsjóðinn, LCIF.
- Mæta á svæðisfundum á svæði klúbbsins þegar tækifæri gefst.
- Vinna með kynningarnefnd umdæmis og fjölumdæmis að almannatengslum PR.

Mælanlegur árangur

- Bera hag Lions fyrir brjósti og er tilbúin að tryggja framtíð klúbbsins.
- Hafa reynslu af því að leiða og þróa þjónustu- eða fjáröflunarverkefni á síðustu 5 árum.
- Öflugur verkefnastjóri, góður ræðumaður og góður að útskýra hluti.
- Þekkir verkefni LCIF, samstarfsaðila og styrkjaflokka.
- Fær um að nota tækni (Tölvupóst, Word, MyLCI, heimasíðu LCI, samskiptaforrit eins og Zoom, Teams og samfélagsmiðla).

Ákjósanlegir eiginleikar

- Bera hag Lions fyrir brjósti og er tilbúin að tryggja framtíð klúbbsins.
- Er góð fyrirmynd og býður sjálfur inn nýjum félögum.
- Öflugur verkefnastjóri, góður ræðumaður og góður að útskýra hluti.
- Fær um að nota tækni (tölvupóst, Word, MyLCI, heimasíðu LCI, samskiptaforrit eins og Zoom, Teams og samfélagsmiðla).

Skýrslugerð

- GST verkefnafulltrúi gefur formanni klúbbsins skýrslu fyrir svæðisfundum.